

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Fjarðabyggðarhafnir
kt. 470698-2179

Starfsstöð: Mjóeyrarhöfn, 730 Reyðarfjörður
Landnúmer: 203912

Leyfið gildir frá 19. ágúst 2024 til 19. ágúst 2036

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Endurvinnslu úrgangs

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Ólöf Vilbergsdóttir
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Ólöf Vilbergsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Fjarðabyggðarhafnir, kt. 470698-2179

Starfsstöð: Mjóeyrarhöfn, 730 Reyðarfjörður

Fastanúmer: 203912

Leyfið gildir frá 19. ágúst 2024 til 19. ágúst 2036

Um er að ræða starfsleyfi fyrir endurvinnslu úrgangs

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 12. apríl 2024.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Efnismóttaka

Um er að ræða móttöku á úrgangi til endurvinnslu. Móttakan er millilager fyrir efni sem verður notað í landfyllingu. Tekið verður við burðarhæfu fyllingarefni s.s. efni af byggingalóðum; grús og grjóti ásamt óvirkum úrgangi s.s. steypubrot, o.fl. skv. skilgreiningu í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Girt verður í kringum efnismóttökuna og girðingu lokað með læstu hliði. Efnismóttaka verður staðsett á landfyllingu vestan við núverandi hafnarkant. Gert er ráð fyrir að efnismóttaka geti tekið við allt að 30.000 m³ af efni í einu.

Um starfsemina gilda m.a.:

- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða
- Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, fylgiskjal 1

1.2. Landfylling

Landfyllingin er endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur er nýttur. Landfyllingin verður 1,9 ha að stærð og heildarefnispörf er um 210.000 m³. Notað verður efni frá efnismóttökunni ásamt dýpkunarefni frá Eskifjarðarhöfn og steinefni sem fellur til við skeringar á hafnarsvæði Mjóeyrarhafnar.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda*
- *Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg*
- *Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, fylgiskjal 1*

2. Móttaka á úrgangi og efnum

2.1. Úrgangur og efni sem heimild er að taka á móti

Á efnismóttökustaðnum er heimilt að taka á móti og geyma tímabundið óvirkan úrgang til endurvinnslu ásamt steinefnum sem falla til á hafnarsvæðinu.

Steypubrot þurfa að vera járnhreinsuð og koma frá ómenguduðum svæðum. Séu steypubrot frá húsnaði sem í var mengandi starfsemi þarf að rannsaka hvort steypan sé ómenguduð.

Áhersla skal lögð á jafna móttöku efnis, eins og hægt er, og snyrtilegan frágang þess sem berst á svæðið.

2.2. Úrgangur og efni sem óheimild er að taka á móti

Óheimilt er að taka á móti öðrum úrgangi en talinn er upp í gr. 2.1, þ.m.t. menguduðum jarðefnum, blautri steypu eða steypuslammi, malbiki eða asfalti, lífrænum úrgangi af nokkru tagi og málmum.

2.3. Mengaður jarðvegur

Jarðvegur þar sem efnainnihald er undir hámarksgildi fyrir landnotkun atvinnusvæðis skv. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg en yfir hámarksgildi fyrir landnotkun íbúðarsvæðis getur verið hæfur til móttöku og fyllingu. Hugi rekstraraðili að móttöku á slíkum úrgangi skal hafa samband við Heilbrigðiseftirlit Austurlands sem metur hvort úrgangur sé tækur til móttöku m.t.t. niðurstöðu á rannsókn jarðvegsins. Heilbrigðieftirlitið getur gert auknar kröfur um mengunarvarnir á staðnum.

2.4. Mat á úrgangi og efnum

Leggja skal mat á efni við móttöku. Standist efnið ekki kröfur skal það fjarlæggt og komið til endurnýtingar, endurvinnslu eða fargað eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um. Við mat á því hvort efni er mengað skal hafa hliðsjón af viðmiðum í viðauka í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

2.5. Dýpkunarefni

Dýpkunarefni frá Eskifjarðarhöfn sem flutt verður beint í landfyllinguna þarf að uppfylla kröfur í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Ef grunur er um að dýpkunarefni sé mengað þarf að láta rannsaka það. Skv. umsókn liggur fyrir leyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda til að varpað verði í hafið allt að 137.000 m³ af dýpkunarefni vegna frágangs á 2. áfanga landfyllingar í Mjóeyrarhöfn. Leyfi Umhverfisstofnunar er dagsett 1. júní 2023.

3. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

2.1. Loft og ryk

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að ryk, lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Hindra skal fok úr efnishaugum með því að vökva eða bleyta í haugum eftir þörfum eða með yfirbreiðslum. Hreinsa þarf og sópa efni sem fellur af bílum á aðkomuleið eins oft og þörf er á. Ef aðstæður kalla á getur Heilbrigðiseftirlitið krafist þess að settur verði upp dekkjapvottabúnaður til að draga úr rykmyndun.

2.1. Hávaði

Koma skal í veg fyrir eða draga úr hávaða við móttöku og vinnslu efnis og gætt þess að hávaði valdi ekki ónæði í nærliggjandi umhverfi. Um hávaða fer skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði skal vera undir þeim viðmiðunarmörkum fyrir atvinnustarfsemi sem tilgreind eru í töflu III í reglugerð um hávaða.

2.2. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

4. Skráningar og innra eftirlit

Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfseminni sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Skráning á magni og gerð úrgangs og efnis sem tekið er við.
- Skrá skal uppruna úrgangs og efnis sem tekið er við.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Skrá skal allar kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

5. Annað sem varðar starfsemina

Fráveita

Enginn fráveita er á athafnasvæðinu.

Um fráveitur gilda m.a.

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og lóð sé haldið snyrtilegt.

Sé húsnæði til staðar vegna starfseminnar skal því haldið snyrtilegt og skal það vel viðhaldið.

Athafnasvæði skal vera afgirt til að hindra aðgengi almennings að athafnasvæðinu, hlið skulu vera læst utan vinnutíma. Girðingum skal vel við haldið.

Bifreiðum, tækjum, lausamunum og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði starfstöðvar þannig að ekki valdi slyshættu.

Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfsemi safnist fyrir á lóð.

Mengunaróhapp

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Starfsemi hætt

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

19. ágúst 2024
Virðingarfyllt,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands


Ólöf Vilbergsdóttir

Ólöf Vilbergsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal 1

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3	Í starfsleyfi eru skráð sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	
1.8	Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða.	724/2008	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfsemi safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslilögum sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	798/1999	
3.4	Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	

3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

4.4	Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5	Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6	Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7	Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýmum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.